

## Akureyrarbær Endurskoðunarskýrsla 2016

4. apríl 2017



## Áritun endurskoðenda

Við höfum lokið endurskoðun á ársreikningi Akureyrarbæjar fyrir árið 2016.

Í kjölfar staðfestingar bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum munum við árita ársreikning Akureyrarbæjar og er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2016, efnahag þess þann 31.12.2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur.

Við vekjum athygli bæjarstjórnar á að áritun okkar er með breyttu sniði og í samræmi við endurbætur á alþjóðlegum endurskoðunarstaðal, ISA 700

Tilgangurinn með þessari skýrslu er að lýsa framkvæmd og niðurstöðum endurskoðunar á ársreikningi Akureyrarbæjar.

Í endurskoðunarskýrslunni vekjum við fyrst og fremst athygli á þeim atriðum sem við höfum komist að raun um við endurskoðunina og við teljum mikilvægt að stjórnendur sveitarfélagsins og bæjarstjórn fái upplýsingar um. Í skýrslunni er því ekki fjallað um öll mál sem upp hafa komið við endurskoðunina.

Skýrsla þessi er einvörðungu unnin fyrir bæjarstjórn og stjórnendur Akureyrarbæjar.

Við viljum færa öllum starfsmönnum Akureyrarbæjar sem veitt hafa okkur aðstoð og upplýsingar, þakkir fyrir gott samstarf á árinu. Einnig viljum við þakka bæjarstjórn og bæjarráði fyrir samstarfið á árinu.

Við munum að sjálfsgöðu veita allar frekari upplýsingar um endurskoðunina ef þess er óskað.

Akureyri, 4. apríl 2017

Deloitte ehf.

Aðalsteinn Sigurðsson,  
endurskoðandi

Anna Birgitta Geirfinnsdóttir,  
endurskoðandi

# Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Samantekt	4
Yfirlit rekstrar- og efnahagsreiknings auk sjóðstreymis	5-8
Áhættumiðuð endursk.áætlun – helstu lykiláhættur	9
Helstu atriði úr endurskoðuninni	10-13
Endurskoðunaraðferð	14-15

## Tengiliðir hjá Deloitte ehf:

### **Aðalsteinn Sigurðsson**

Endurskoðandi/eigandi

Farsími: 864 8486

Netfang: [as@deloitte.is](mailto:as@deloitte.is)

### **Kristín Bjarnadóttir**

Viðskiptafræðingur/verkefnastjóri

Farsími: 866 0744

Netfang: [kristin.bjarnadottir@deloitte.is](mailto:kristin.bjarnadottir@deloitte.is)



# Samantekt á helstu niðurstöðum endurskoðunar

Atriði	Helstu niðurstöður	Sjá nánar
Lífeyrisskuldbindingar	<ul style="list-style-type: none"><li>Nokkur óvissa ríkir um fjárhæð lífeyrisskuldbindinga sveitarfélagsins eins og getið er um í skýringu númer 15 í ársreikningi Akureyrarbæjar. Nánari umfjöllun um þetta mál má sjá á bls. 12.</li></ul>	Bls. 12

# 1.1 Yfirlit rekstrarreiknings

Rekstrarreikningur	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	pús.kr.	2016	Áætlun	2015	2016	Áætlun
<b>Rekstrartekjur</b>						
Skatttekjur	10.123.032	9.920.000	9.184.774	10.026.273	9.855.000	9.117.761
Framlög Jöfnunarsjóðs	2.819.725	2.664.874	2.597.295	2.819.725	2.664.874	2.597.295
Aðrar tekjur	3.906.800	3.549.626	3.507.126	9.689.348	8.758.251	8.881.825
	<b>16.849.557</b>	<b>16.134.500</b>	<b>15.289.195</b>	<b>22.535.346</b>	<b>21.278.125</b>	<b>20.596.881</b>
<b>Rekstrargjöld</b>						
Laun og launatengd gjöld	(9.597.813)	(9.629.129)	(9.004.606)	(12.359.972)	(12.292.739)	(11.465.097)
Breyting lífeyrisskuldbindinga	(1.139.770)	(300.000)	(476.017)	(1.242.528)	(332.300)	(575.039)
Annar rekstrarkostnaður	(5.456.359)	(5.308.387)	(5.244.107)	(6.647.471)	(6.510.201)	(6.320.197)
Afskriftir	(803.615)	(831.520)	(808.771)	(1.530.729)	(1.389.209)	(1.354.886)
	<b>(16.997.557)</b>	<b>(16.069.036)</b>	<b>(15.533.501)</b>	<b>(21.780.699)</b>	<b>(20.524.449)</b>	<b>(19.715.219)</b>
<b>Rek.afkoma fyrir fjárm.liði</b>	<b>(148.000)</b>	<b>65.464</b>	<b>(244.306)</b>	<b>754.647</b>	<b>753.676</b>	<b>881.662</b>
Áhrif hlutdeildarféлага	-	-	-	14.812	-	9.209
Fjárm.tekjur og fjárm.gjöld	(191.883)	(694.582)	(298.582)	(810.571)	(1.371.605)	286.825
<b>Rek.niðurstaða fyrir skatta</b>	<b>(339.883)</b>	<b>(629.118)</b>	<b>(542.889)</b>	<b>(41.112)</b>	<b>(617.929)</b>	<b>1.177.696</b>
Tekjuskattur	-	-	-	(39.017)	(69.280)	(129.465)
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>	<b>(339.883)</b>	<b>(629.118)</b>	<b>(542.889)</b>	<b>(80.130)</b>	<b>(687.209)</b>	<b>1.048.231</b>

<b>Í hlutfalli við rekstrartekjur:</b>						
Skatttekjur og Jöfnunarsjóður	77%	78%	77%	57%	59%	57%
Laun og launatengd gjöld	64%	62%	62%	60%	59%	58%
Annar rekstrarkostnaður	32%	33%	34%	29%	31%	31%
<b>Í þúsundum króna á íbúa:</b>						
Skatttekjur og Jöfnunarsjóður	700	681	644	695	677	640
Laun og launatengd gjöld	581	543	518	736	683	658
Annar rekstrarkostnaður	295	290	287	360	352	345

## Rekstrartekjur

Rekstrartekjur samstæðunnar námu 22.535 milljónum króna og hækka um 1.938 milljónir króna milli ára. Áætlanir gerðu ráð fyrir 21.278 milljónum króna.

Skatttekjur án framlaga jöfnunarsjóðs námu 10.026 milljónum króna samanborið við áætlanir um 9.855 milljónir króna. Framlag úr jöfnunarsjóð nam 2.820 milljónum króna samanborið við áætlanir um 2.665 milljónir króna.

## Launakostnaður

Laun og launatengd gjöld án breytinga á lífeyrisskuldbindingu námu 12.360 milljónum króna samanborið við áætlanir um 12.293 milljónir króna. Hækkunin skýrist af taxtahækkunum launa á árinu í tengslum við kjarasamninga. Meðalstöðugildum fækkar úr 1.525 í 1.522 á milli ára.

## Afskriftir

Afskriftir námu 1.531 milljónum króna og hækka um 176 milljónir króna á milli ára. Hækkunin skýrist aðallega af sérstakri afskrift upp á 154 milljónir króna hjá Norðurorku vegna framkvæmda við borholur að Botni í Eyjafjarðarsveit en ekki er reiknað með að holurnar verði nýtanlegar.

## Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir nettó námu 811 milljónum króna í gjöld samanborið við 287 milljónir króna í tekjur árið 2015. Áætlanir 2016 gerðu ráð fyrir um 1.372 milljónum króna í gjöld. Helsta breytingin á milli ára skýrist af um 980 milljón króna lækun fjármunatekna hjá Norðurorku vegna innleysts söluhagnaðar á árinu 2015 vegna þeistareykja.

## 1.3 Yfirlit efnahagsreiknings

Efnahagsreikningur	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti		
	þús.kr.	31.12.2016	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2015
<b>Fastafjármunir</b>					
Viðskiptavild	-	-	68.159	75.334	
Fasteignir og lóðir	20.565.635	20.454.283	22.750.421	22.516.721	
Veitukerfi, hafnamannvirki og götur	1.673.159	1.550.104	11.621.974	10.786.922	
Vélar, áhöld og tæki	1.212.773	1.015.085	1.499.864	1.257.417	
Leigðar eignir	217.597	263.816	217.597	263.816	
Eignarhlutir í dótturfélögum	-	-	16.209	16.209	
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	-	-	224.980	209.712	
Eignarhlutir í öðrum félögum	485.909	485.909	706.210	800.431	
Langtímakröfur	63.935	69.931	15.364	17.285	
	<b>24.219.009</b>	<b>23.839.128</b>	<b>37.120.778</b>	<b>35.943.846</b>	
<b>Veltufjármunir</b>					
Birgðir	68.961	51.571	202.431	188.991	
Óinnh. skatttekjur og viðskiptakröfur	1.312.798	1.184.240	1.685.918	1.545.928	
Næsta árs- og gjaldf. afb. langt.krafna	7.462	7.380	2.195	2.161	
Kröfur á tengd félög	-	-	31.784	31.503	
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki	319.032	681.753	-	-	
Aðrar skammtímakröfur	340.681	124.940	374.091	131.583	
Markaðsverðbréf	-	-	391.968	380.372	
Handbært fé	1.331.695	1.279.315	2.678.436	3.510.757	
	<b>3.380.628</b>	<b>3.329.199</b>	<b>5.366.823</b>	<b>5.791.295</b>	
<b>Eignir samtals</b>	<b><u>27.599.637</u></b>	<b><u>27.168.328</u></b>	<b><u>42.487.601</u></b>	<b><u>41.735.141</u></b>	

### Varanlegir rekstrarfjármunir:

Varanlegir rekstrarfjármunir námu 36.090 milljónum króna í árslok 2016 og aukast um 1.265 milljónir króna. Nettófjárfesting ársins nam 2.373 milljónum króna, afskriftir námu 1.524 milljónum króna og breytingar á endurmati lóða námu 416 milljónum króna.

Helstu fjárfestingar ársins voru: Norðurorka, fjárfest í veitukerfum o.fl. fyrir um 1.235 milljónir króna. Hafnasamlag Norðurlands, fjárfest í hafnamannvirkjum o.fl. fyrir um 136 milljónir króna. Fasteignir Akureyrar, fjárfest í fasteignum og búnaði fyrir um 629 milljónir króna. Eignasjóður gatna, fjárfest í götum o.fl. fyrir um 226 milljónir króna.

### Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur hækka um 243 milljónir króna á milli ára og skýrist hækkunin aðallega af 211 milljón króna kröfu á Barnaverndarstofu vegna þátttöku í sérstöku öryggisúrræði einstaklinga á árunum 2013-2016 en krafan var gerð upp í febrúar 2017. Einnig eru aðrar skammtímakröfur Norðurorku að hækka um 28 milljónir króna.

### Handbært fé

Handbært fé lækkar um 832 milljónir króna á milli ára og skýrist lækkunin aðallega af minna handbæru fé hjá Norðurorku. Í lok desember 2015 greiddi Landsvirkjun Norðurorku um 1.696 milljónir vegna uppgjors á kröfum vegna sölu Norðurorku á eignarhluta í Þeistareykjum ehf. sem seldur var á árinu 2009. Fjármunirnir voru síðan að hluta notaðir á árinu 2016 í fjárfestingar Norðurorku.

## 1.3 Yfirlit efnahagsreiknings

Efnahagsreikningur	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti		
	þús. kr.	31.12.2016	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2015
<b>Eigið fé</b>					
Eigið fé		11.632.798	11.556.582	18.577.801	18.258.875
		<b>11.632.798</b>	<b>11.556.582</b>	<b>18.577.801</b>	<b>18.258.875</b>
<b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>					
Lífeyrisskuldbindingar		2.520.112	1.570.223	3.428.012	2.409.923
Skuldir við lánastofnanir		9.971.949	10.401.584	16.510.739	16.730.902
Leiguskuldir		436.217	487.650	436.217	487.650
Tekjuskattsskuldbinding		-	-	136.631	114.920
		<b>12.928.279</b>	<b>12.459.457</b>	<b>20.511.600</b>	<b>19.743.394</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>					
Viðskiptaskuldir		431.684	406.616	702.987	615.130
Skuldir við eigin fyrirtæki		539.316	463.909	-	-
Næsta árs afborganir langtímaskulda		548.018	589.633	714.499	975.062
Næsta árs afborganir leiguskulda		61.653	75.691	61.653	75.691
Fyrirfram innheimtar tekjur		152.326	135.022	152.326	135.022
Aðrar skammtímaskuldir		1.305.564	1.481.418	1.766.735	1.931.967
		<b>3.038.560</b>	<b>3.152.289</b>	<b>3.398.200</b>	<b>3.732.872</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>27.599.637</b>	<b>27.168.328</b>	<b>42.487.601</b>	<b>41.735.141</b>

Lykiltölur:				
Veltufjárlutfall	1,11	1,06	1,58	1,55
Eiginfjárlutfall	0,42	0,43	0,44	0,44
Skuldahlutfall (reglugerð 502/2012)	82%	90%	87%	94%
Í þúsundum króna á íbúa:				
Eignir	1.493	1.485	2.298	2.281
Eigið fé	629	632	1.005	998
Skuldir og skuldbindingar	864	853	1.293	1.283

### Lífeyrisskuldbindingar

Eins og undanfarin ár eru lífeyrisskuldbindingar að hækka nokkuð milli ára. Þar að auki eru mögulega til staðar viðbótarskuldbindingar eins og gerð er grein fyrir hér á eftir.

### Skuldir við lánastofnanir

Skuldir við lánastofnanir, þ.m.t. næsta árs afborganir langtímaskulda, lækka um 481 milljónir króna á milli ára. Tekin voru ný lán upp á 245 milljónir króna hjá Félagslegum íbúðum en heildarafborganir ársins voru 959 milljónir króna. Aðrar breytingar skýrast af verðbótum og gengismun.

### Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir lækka um 165 milljónir króna á milli ára. Lækkunin skýrist fyrst og fremst af því að mikið var um leiðréttingar á launum í lok árs 2015 og voru launin ásamt launatengdum gjöldum greidd út í upphafi árs 2016.

### Skuldahlutfall

Jákvæð þróun hefur verið á skuldahlutfalli Akureyrarbæjar og er það núna 87% samanborið við 94% í árslok 2015.

# 1.4 Yfirlit sjóðstreymis

Sjóðstreymisyfirlit Þús.kr.	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	2016	Áætlun	2015	2016	Áætlun	2015
<b>Rekstrarhreyfingar</b>						
Rekstramiðurstaða ársins	(339.883)	(629.118)	(542.889)	(80.130)	(687.209)	1.048.231
Afskriftir	803.615	831.520	808.772	1.530.729	1.389.209	1.354.886
Hagnaður af sölu eigna	(10.241)	-	(1.400)	(11.175)	-	(7.000)
Söluh./tap eignarhl. í öðrum félögum	-	-	-	9.101	-	(728.847)
Verðb. og gengism. langtímalíða	35.264	358.989	23.372	165.254	583.302	104.553
Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélag	-	-	-	(14.812)	-	(9.209)
Skatteign, breyting	-	-	-	21.681	69.885	29.576
Hækkun skuldbindinga	949.889	-	331.686	1.018.089	-	403.486
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<b>1.438.645</b>	<b>561.391</b>	<b>619.542</b>	<b>2.638.737</b>	<b>1.355.187</b>	<b>2.195.676</b>
Breyting á rekstrart. eignum og skuldum	(470.379)	3.769	176.130	(426.770)	4.163	280.043
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>968.265</b>	<b>565.160</b>	<b>795.671</b>	<b>2.211.967</b>	<b>1.359.350</b>	<b>2.475.719</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>						
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjárm.	(936.827)	(1.301.000)	(447.264)	(2.381.938)	(3.181.700)	(1.799.948)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	173.675	-	-	20.678	-	16.950
Fjarf. í eignarhl. í hlutdeildarfél.	-	-	-	(12.368)	-	(12.083)
Fjarf. í eignarhl. í öðrum félögum	-	-	-	85.121	-	666.222
Markaðsverðbréf	-	-	-	(11.596)	-	(31.082)
Langtímakröfur, breyting	7.453	7.497	11.400	1.921	1.921	691.175
Skammtímakröfur, breyting	(42.095)	-	(29.364)	(42.095)	-	(29.364)
	<b>(797.794)</b>	<b>(1.293.503)</b>	<b>(465.227)</b>	<b>(2.340.277)</b>	<b>(3.179.779)</b>	<b>(498.129)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>						
Arður til hluthafa	-	-	-	(5.132)	-	(2.199)
Tekin ný langtímalán	-	970.000	770.753	244.558	1.950.000	813.354
Afborganir langtímalána	(573.522)	(710.471)	(577.600)	(959.097)	(1.103.294)	(1.023.049)
Fyrirfram innh. tekjur, breyting	17.304	-	(75.426)	17.304	-	(75.426)
Viðskiptar. eigin fyrirt., breyting	438.127	56.858	(382.281)	(1.643)	105.975	(1.363)
Skammtímalán, breyting	-	-	-	-	338.409	-
	<b>(118.091)</b>	<b>316.387</b>	<b>(264.554)</b>	<b>(704.011)</b>	<b>1.291.090</b>	<b>(288.683)</b>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>	<b>52.380</b>	<b>(411.956)</b>	<b>65.890</b>	<b>(832.321)</b>	<b>(529.339)</b>	<b>1.688.906</b>
Handbært fé í ársbyrjun	1.279.315	1.279.316	1.213.425	3.510.757	3.510.758	1.821.850
<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>1.331.695</b>	<b>867.360</b>	<b>1.279.315</b>	<b>2.678.436</b>	<b>2.981.419</b>	<b>3.510.757</b>

## Veltufé frá rekstri

Veltufé frá rekstri er að hækka verulega í A hluta og er 8,5% af tekjum á árinu 2016 en var 4% á árinu 2015.

## Fjárfestingahreyfingar


Fjárfestingar ársins voru nokkuð lægri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Uppgjör Landsvirkjunar við Norðurorku vegna sölu á Þeistareykjum ehf. hafði veruleg áhrif á fjárfestingahreyfingar á árinu 2015 og skýrir þær miklu breytingar sem eru frá fyrra ári.

## Fjármögnunarhreyfingar

Lántaka var mun minni en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, bæði vegna minni fjárfestinga og eins vegna betri rekstrar sem sjá má í aukningu á veltufé frá rekstri hér að ofan.



## 2.1 Áhættumiðuð endurskoðunarátætlun - Lykiláhættur



### Áhættumiðuð endurskoðunarátætlun

Við höfum unnið endurskoðunina á grundvelli endurskoðunarátætlunar með áherslu á einstaka liði ársreikningsins og viðskipta sem við höfum metið að áhætta af skekkjum í ársreikningi er meiri.

Góð þekking á starfsemi ykkar og áhættum í rekstri er mikilvæg. Við höfum notast við þekkingu okkar og reynslu af ykkar atvinnugrein til að greina þá áhættuþætti sem við teljum vera lykilþætti í endurskoðun á sveitarfélaginu (sjá mynd hér til hliðar). Áhættuþættirnir hafa verið skilgreindir miðað við mikilvægi og flækjustig.

## 2.2 Helstu atriði úr endurskoðuninni

1.	Rekstrartekjur	<ul style="list-style-type: none"><li>• Rekstrartekjur samstæðunnar námu 22.535 milljónum króna á árinu 2016 samanborið við áætlanir um 21.278 milljónir króna (2015: 20.597 milljónir króna).</li><li>• Tekjuferill var yfirfarinn og valdir eftirlitsþættir skoðaðir. Engar athugasemdir voru gerðar.</li><li>• Við höfum framkvæmt greiningaraðgerðir á rekstrartekjum ársins 2016. Fjárhagsáætlun er höfð til hliðsjónar við myndun væntinga en einnig eru rauntölur 2015 hafðar til hliðsjónar. Í greiningaraðgerðum höfum við meðal annars fengið yfirlit yfir staðgreiðsluuppgjör 2016 frá Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga, uppgjör álagningar 2016 vegna 2015 frá Fjársýslu ríkisins, álagningarseðil sveitarfélagsins auk yfirlits um framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Niðurstöður greiningaraðgerða eru án athugasemda. Á árinu 2016 kom í ljós 73,7 milljóna króna skekkja í framlagi frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna ársins 2015 og hefur hún verið leiðrétt og samanburðarfjárhæðum ársins 2015 breytt til samræmis.</li><li>• Gerðar voru prófanir á lotun annarra tekna og voru niðurstöður án athugasemda.</li></ul>
2.	Laun og launatengd gjöld	<ul style="list-style-type: none"><li>• Laun og launtengd gjöld án breytinga á lífeyrisskuldbindingum námu 12.360 milljónum króna á árinu 2016 samanborið við áætlanir um 12.293 milljónir króna (2015: 11.465 milljónir króna).</li><li>• Hækkun lífeyrisskuldbindinga nam 1.243 milljónum króna á árinu 2016 samanborið við áætlanir um 332 milljónir (2015: 575 milljónir króna). Þessi mikla hækkun lífeyrisskuldbindinga hefur veruleg áhrif á rekstur sveitarfélagsins.</li><li>• Launaferill var yfirfarinn og valdir eftirlitsþættir skoðaðir. Engar athugasemdir voru gerðar.</li><li>• Við höfum framkvæmt greiningaraðgerðir á launakostnaði ársins 2016. Fjárhagsáætlun 2016 er höfð til hliðsjónar við myndun væntinga um launakostnað 2016 en einnig eru rauntölur 2015 hafðar til hliðsjónar. Tekið hefur verið tillit til almennra launahækkana á árinu auk breytinga á stöðugildum. Niðurstöður greiningaraðgerða eru án athugasemda.</li><li>• Að auki fórum við í sérstaka gagnaskoðun vegna launa og voru niðurstöður af þeirri vinnu án athugasemda.</li></ul>
3.	Annar rekstrarkostnaður	<ul style="list-style-type: none"><li>• Annar rekstrarkostnaður nam 6.647 milljónum króna á árinu 2016 samanborið við áætlanir um 6.510 milljónir króna (2015: 6.320 milljónir króna).</li><li>• Kostnaðarferill var yfirfarinn og valdir eftirlitsþættir skoðaðir. Engar athugasemdir voru gerðar.</li><li>• Við höfum framkvæmt greiningaraðgerðir á öðrum rekstrarkostnaði ársins 2016. Fjárhagsáætlun 2016 er höfð til hliðsjónar við myndun væntinga um annan rekstrarkostnað en einnig eru rauntölur 2015 hafðar til hliðsjónar. Tekið hefur verið tillit til helstu breytinga í forsendum og eru niðurstöður greiningaraðgerða án athugasemda.</li><li>• Gerðar voru prófanir á lotun rekstrarkostnaðar og voru niðurstöður án athugasemda.</li></ul>

## 2.2 Helstu atriði úr endurskoðuninni (framhald)

4.	Varanlegir rekstrarfjármunir	<ul style="list-style-type: none"><li>• Varanlegir rekstrarfjármunir námu 36.090 milljónum króna í árslok 2016 (2015: 34.825 milljónir króna).</li><li>• Nettófjárfesting ársins nam 2.373 milljónum króna, afskriftir voru 1.524 milljónir króna og breytingar á endurmati lóða námu 416 milljónum króna.</li><li>• Fjárfestingaráætlun sem samþykkt var 14. desember 2015 gerði ráð fyrir fjárfestingum fyrir 3.237 milljónir króna. Þar af var áætlaður framkvæmdakostnaður vegna Norðurorku 1.654 milljónir króna en raunfjárfesting Norðurorku var 1.235 milljónir króna.</li><li>• Við höfum yfirfarið að stjórnendur beiti viðeigandi fyrningarhlutföllum og að meðferð rekstrarfjármuna sé í samræmi við reikningsskilareglur.</li></ul>
5.	Viðskiptakröfur	<ul style="list-style-type: none"><li>• Viðskiptakröfur námu 1.686 milljónum króna í árslok 2016 (2015: 1.546 milljón króna).</li><li>• Viðskiptakröfur samanstanda af óinnheimtum skatttekjum að fjárhæð 815 milljónum króna, kröfu á Jöfnunarsjóð að fjárhæð 312 milljónum króna og öðrum viðskiptakröfum að fjárhæð 559 milljónum króna. Við höfum yfirfarið undirliggjandi kröfur með tilliti til innheimtanleika og í því sambandi lagt mat á niðurfærsluþörf krafna. Við gerum ekki athugasemdir við mat á viðskiptakröfum í árslok 2016.</li></ul>
6.	Handbært fé	<ul style="list-style-type: none"><li>• Sjóðir og bankainnstæður námu 2.678 milljónum króna í árslok 2016 (2015: 3.511 milljón króna).</li><li>• Lækkun á bankainnstæðum á árinu skýrist aðallega af minna handbæru fé hjá Norðurorku. Norðurorka seldi á árinu 2009 eignarhlut sinn í Peistareykjum ehf. og var hluti söluverðs í formi skuldabréfs og lánasamnings sem Norðurorka fékk síðan greidda í árslok 2015 og nam sú greiðsla um 1.696 milljónum króna.</li><li>• Við höfum yfirfarið bankaafstemmingar og staðfestingarbréf fjármálafyrirtækja.</li></ul>

## 2.2 Helstu atriði úr endurskoðuninni (framhald)

7.	Langtímaskuldir við lánastofnanir	<ul style="list-style-type: none"><li>Langtímaskuldir við lánastofnanir námu 17.225 milljónum króna í árslok 2016, næsta árs afborganir meðtaldar (2015: 17.706).</li><li>Tekin voru ný langtímalán upp á um 245 milljónir króna en afborganir ársins voru um 959 milljónir króna. Aðrar breytingar skýrast af verðbótum og gengismun.</li><li>Við höfum yfirfarið uppreikning á langtímaskuldum og rakið í gögn frá lánveitendum.</li></ul>
8.	Leigusamningar	<ul style="list-style-type: none"><li>Leigusamningar námu 498 milljónum króna í árslok 2016, næsta árs afborganir meðtaldar (2015: 563 milljónir króna).</li><li>Sveitarfélagið hefur gert fimm leigusamninga um fasteignir sem færðir eru til skuldar í efnahagsreikningi í samræmi við álit reikningsskila- og upplýsinganefndar númer 1/2010.</li><li>Við höfum yfirfarið útreikninga og rakið í undirliggjandi leigusamninga.</li></ul>
9.	Lífeyrisskuldbinding	<ul style="list-style-type: none"><li>Lífeyrisskuldbinding nam 3.428 milljónum króna í árslok 2016 (2015: 2.410 milljónir króna).</li><li>Á Akureyrarbæ hvílir lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins. Áfallin skuldbinding samkvæmt útreikningi tryggingarstærðfræðings er um 3.428 milljónir í árslok 2016. Skuldbindingin hækkar á árinu um 1.018 milljónir króna en greiddur lífeyrir á árinu er 224 milljónir króna og er hann færður til lækkunar á lífeyrisskuldbindingunni. Þá er Akureyrarbær formlega í ábyrgð fyrir heildarskuldbindingum Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar en skuldbindingar í þeim sjóði sem hvíla á öðrum nema 3.857 milljónum króna.</li><li>Til viðbótar við bókfærðar lífeyrisskuldbindingar hvíla mögulega viðbótar skuldbindingar á Akureyrarbæ hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga og Brú lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga, einkum vegna verkefna sem fluttst hafa á milli ríkis og sveitarfélaga. Mjög mikil óvissa ríkir um hvort og þá hve miklar þær viðbótarskuldbindingar gætu orðið en unnið er að því að fá niðurstöðu í það mál. Samkvæmt upplýsingum sem stjórnendur Akureyrarbæjar hafa nýlega fengið frá viðkomandi sjóðum gæti möguleg viðbótarskuldbinding numið um 1.200 milljónum króna að hámarki miðað við að öll viðbótin lendi hjá Akureyrarbæ. Vegna mikillar óvissu um þetta mál hefur ekkert verið fært í ársreikning ársins 2016 vegna þessa.</li></ul>

## 2.2 Helstu atriði úr endurskoðuninni (framhald)

10.	Innra eftirlit	<ul style="list-style-type: none"><li>Sérstök úttekt var gerð á starfaaðgreiningu og upplýsingatæknimálum hjá sveitarfélaginu og hefur ábendingum í framhaldi af þeirri vinnu verið komið til viðkomandi stjórnenda sveitarfélagsins.</li><li>Í heild kom þessi úttekt vel út og viljum við lýsa ánægju okkar með hve vel hefur verið brugðist við ábendingum okkar frá fyrra ári.</li></ul>
11.	Rekstrarjöfnuður	<ul style="list-style-type: none"><li>Samkvæmt 64. grein sveitastjórnarlaga skulu samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A og B-hluta á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærrí en samanlagðar reglulegar tekjur. Samanlögð rekstrarniðurstaða hjá sveitarfélaginu er jákvæð sem nemur 1.493 milljónum króna á árunum 2014 – 2016.</li></ul>
12.	Ófjárhagsleg upplýsingagjöf	<p>Í júní 2016 voru samþykktar á Alþingi breytingar á lögum um ársreikninga nr. 3/2016. Á meðal þessara breytinga voru auknar kröfur um ófjárhagslega upplýsingagjöf í reikningsskilum aðila sem teljast einingar tengdar almannahagsmunum en Akureyrarbær fellur þar undir.</p> <p>Í ljósi þess að umrætt ákvæði um ófjárhagslega upplýsingagjöf kom inn á miðju reikningsári 2016 og aðdragandi að innleiðingu og mótun stefnu um framkvæmd því skammur hefur Akureyrarbær ekki enn mótað formlega stefnu varðandi birtingu nefndra ófjárhagslegra upplýsinga.</p> <p>Nýlega komu inn í ársreikningalög auknar kröfur um upplýsingagjöf vegna lögaðila með skráð verðbréf en Akureyrarbær fellur þar undir. Þessar auknu kröfur gera ráð fyrir að þessir aðilar birti árlega yfirlýsingu um stjórnarhætti sína í sérstökum kafla í skýrslu stjórnar.</p> <p>Við hvetjum stjórnendur Akureyrarbæjar að kynna sér þessar auknu kröfur um upplýsingagjöf, móta sér stefnu varðandi birtingu þeirra og bæta upplýsingagjöf varðandi þetta í ársreikningi sveitarfélagsins fyrir reikningsárið 2017.</p>

## 3. Endurskoðunaraðferð

### 3.1 Almennt um endurskoðunaraðferðina

Markmiðin með endurskoðuninni eru fyrst og fremst:

- Að komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika upplýsinga í ársreikningnum.
- Að gefa álit á því hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu og efnahag sveitarfélagsins og breytingu á handbæru fé á árinu.
- Að votta um hvort ársreikningurinn sé saminn í samræmi við ákvæði þeirra laga og reglna, sem um starfsemina gilda, og settar reikningsskilareglur.

Megin skrefin sem við tókum til að nálgast þessi markmið okkar voru að:

- Afla okkur víðtækrar þekkingar á starfsemi sveitarfélagsins, stjórnun þess og innra eftirliti, til að greina helstu áhættuþætti sem hafa áhrif á niðurstöðu.
- Gera ítarlega endurskoðunaráætlun þar sem tekið er tillit til áhættumestu liða sem hafa áhrif á niðurstöðu ársreikningsins.
- Gera úrtakskannanir og greiningaraðgerðir byggðar á áhættu og mikilvægi þátta.
- Taka saman yfirlit og draga fram niðurstöður einstakra þátta í endurskoðuninni.

### 3.2 Óhæði

Í lögum um endurskoðendur er þess getið að í endurskoðunarverkefnum skuli endurskoðandi og endurskoðunarfyrtæki vera óháð viðskiptavinum sínum, bæði í reynd og ásýnd.

Við staðfestum hér með að Deloitte og starfsmenn þess sem koma að endurskoðuninni eru óháðir Akureyrarbæ eins og siðareglur starfsstéttarinnar og lög kveða á um.

### 3.3 Sviksemi

Endurskoðun okkar er ekki ætlað að greina sviksemi en við getum á mismunandi stigum endurskoðunarinnar fundið áhættuþætti tengda sviksemi. Samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum ber endurskoðendum að afla upplýsinga um mat stjórnenda á áhættunni á svikum og fá upplýsingar um hvort stjórnendur eru meðvitaðir um sviksemi innan sveitarfélagsins. Einnig þurfum við að öðlast vitneskju um það hvort að sviksemi hafi komið upp hjá sveitarfélaginu.

Við höfum rætt við stjórnendur um hvort að þeir hafi orðið varir við eða fengið vísbendingar um sviksemi og/eða að lög hafi verið brotin. Stjórnendur hafa staðfest við okkur að þeir hafi ekki orðið varir við neitt slíkt.

Við vinnu okkar komu ekki fram neinar vísbendingar um sviksemi.

## 3. Endurskoðunaraðferð (framhald)

### 3.4 Mat á mikilvægismörkum við endurskoðun

Við skipulagningu endurskoðunar leggjum við mat á hæfileg mikilvægismörk til að nota við skipulagningu og endurskoðun sveitarfélagsins

Til að komast að niðurstöðu hvort við teljum ársreikning sveitarfélagsins vera án verulegra annmarka skilgreinum við mikilvægismörkin sem fjárhæð skekkja sem við teljum að hafi ekki áhrif á upplýstan lesanda reikningsskilanna. Mikilvægismörk samstæðu A og B hluta voru ákvörðuð 250 milljónir króna sem er um 1,1% af rekstrartekjum. Allar skekkjur yfir 12,5 milljónum króna sem finnast við endurskoðun eru tilkynntar til stjórnenda. Engar skekkjur hafa komið fram við endurskoðunina.

### 3.5 Upplýsingar frá stjórnendum og ábyrgð stjórnenda/endurskoðanda

Í tengslum við endurskoðun ársreikningi Akureyrarbæjar hafa bæjarstjóri, formaður bæjarráðs og fjármálastjóri staðfest í sérstöku staðfestingarbréfi að ýmsar fullyrðingar sem erfitt er að staðfesta með öðrum hætti séu samkvæmt þeirra bestu vitund og þekkingu.

Í ráðningarbréfi um endurskoðun Deloitte á ársreikningi Akureyrarbæjar er fjallað um ábyrgð endurskoðanda og ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur sveitarfélaga.

### 3.6 Innra eftirlit

Innra eftirlit byggir á þeim eftirlitsþáttum sem fyrirtæki og stofnanir starfrækja til að uppgötva, fyrirbyggja eða leiðrétta villur í skráningu, meðhöndlun eða birtingu upplýsinga. Mikilvægir eftirlitsþættir og önnur öryggisatriði sem styðja við réttar fjárhagsupplýsingar geta m.a. verið hluti af fjárhags- og hugbúnaðarkerfum fyrirtækisins og stoðkerfum þeirra.

Bæjarráð ber ábyrgð á innra eftirliti og þarf því að hafa yfirsýn yfir fyrirkomulag þess og þekkja tilgang þess. Bæjarráð og stjórnendur sveitarfélagsins skulu setja verklagsreglur um innra eftirlit og ganga reglulega úr skugga um að innra eftirlitið virki eins og til er ætlast.

Við endurskoðunina er tekið tillit til innra eftirlits í tengslum við ársreikning í þeim tilgangi að móta endurskoðunaraðferð í samræmi við aðstæður, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits. Megin áherslan er lögð á að finna og greina eftirlitsaðgerðir hjá sveitarfélaginu þar sem brugðist er við verulegum áhættum er varða fjárhagsupplýsingar sem birtast í ársreikningi.

Tveir mikilvægir eftirlitsþættir, sem almennt eiga við um flest félög, geta dregið verulega úr möguleikum óheiðarlegra starfsmanna til fjárdráttar, svika eða annarra ólögðmætra athæfa séu þeir virkir. Annarsvegar er það aðskilnaður bókhalds og fjárreiðustarfa, og hinsvegar kostnaðareftirlit sem felur í sér að engin útgjöld megi greiða nema fyrir liggja áritað samþykki viðeigandi ábyrgðaraðila.

Því betur sem við getum treyst á innra eftirlit félagsins því skilvirkari verður endurskoðunin þar sem virkt innra eftirlit dregur úr umfangi þeirrar gagnaskoðunarvinnu sem þarf að vinna.

# Deloitte.

Undir vörumerki „Deloitte“ sameinast kraftar þúsunda sérfræðinga sem starfa hjá sjálfstæðum félögum um allan heim við að veita viðskiptavinum þjónustu á sviði endurskoðunar, ráðgjafar, fjármála, áhættustjórnunar og skattamála. Þessi félög eru aðilar að Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), sem er breskt einkahlutafélag (*private company limited by guarantee*). Hvert aðildarfélag veitir þjónustu á tilteknu landssvæði og er bundið þeim lögum og fagreglum sem þar gilda. Félagið DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. DTTL og aðildarfélög þess eru aðskildir og sérgreindir lögaðilar sem ekki geta skuldbundið hvert annað. DTTL og aðildarfélög þess bera eingöngu ábyrgð á eigin gjörðum eða vanrækslu en ekki á aðgerðum hvers annars. Hvert aðildarfélag DTTL er skipulagt í samræmi við innlend lög, reglugerðir, viðskiptavenju og aðra þætti, og getur veitt sérfræðiþjónustu á starfssvæði sínu í gegnum dótturfélög, tengd félög, og/eða önnur félög.

Deloitte veitir bæði opinberum aðilum og einkafyrirtækjum í fjölmörgum atvinnugreinum endurskoðunar-, skatta-, ráðgjafar- og fjármálaþjónustu. Alþjóðlegt sérfræðinet Deloitte tengir saman sérfræðinga í 150 löndum þannig að saman fari ítarleg staðbundin þekking og alþjóðleg hæfni, viðskiptavinum til hagsbóta. Hjá Deloitte starfa um 200.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu.

Þetta rit inniheldur almennar upplýsingar; með útgáfu þess eru aðilar að sérfræðineti Deloitte, þ.e. Deloitte Touche Tohmatsu Limited, aðildarfélög þess eða samstarfsfélög, ekki að veita sérfræðiráðgjöf eða þjónustu. Ráðfærðu þig við fagaðila áður en þú tekur ákvörðun eða grípur til aðgerða sem gætu haft áhrif á fjármál þín eða viðskipti. Enginn aðili í sérfræðineti Deloitte skal gerður ábyrgur fyrir tjóni sem kann að verða hjá þeim sem reiðir sig á þetta rit.